



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjanesbær
Sveinn Númi Vilhjálmsson,
framkvæmdastjóri
Tjarnargötu 12
230 Keflavík

Reykjavík, 14. janúar 2008

Tilvísun: UST20071200093/sf

Deiliskipulag hafnar- og iðnaðarsvæðis við Helgúvík í landi Reykjanesbæjar

Vísað er til erindis Reykjanesbæjar, dags. 18. desember 2007, vegna tillögu að deiliskipulagi hafnar- og iðnaðarsvæðis við Helgúvík í landi Reykjanesbæjar, auk umhverfisskýrslu vegna fyrirhugaðra álversáforma á svæðinu.

Umhverfisstofnun gerði athugasemdir við umhverfisskýrslu vegna deiliskipulags hafnar- og iðnaðarsvæðis við Helgúvík í landi Reykjanesbæjar með bréfi til VGK-Hönnunar dags. 16. júlí 2007. Breytingar hafa verið gerðar á texta umhverfisskýrslu frá því að fyrrgreind umsögn stofnunarinnar lá fyrir.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillöguna.

Sérákvæði

Í kafla 2.2 eru sett fram ákvæði um litaval á iðnaðarhúsum. Samkvæmt þeim skulu litir á veggjum vera hvítir eða gráir og á þökum, hvítir, gráir eða bláir. Þá kemur fram að gert sé ráð fyrir að litur á súrálssílóum verði sá sami og á öðrum byggingum framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að val á litum á súrálssílóum miðist að því að gera þau sem minnst áberandi í landi, en ekki auka sýnileika þeirra.

Loft

Í umhverfisskýrslu kemur fram að svæðið sem deiliskipulagið nær til er að stærstum hluta innan tillögu að þynningarsvæði fyrir álverið. Umhverfisstofnun benti á það í umsögn sinni um mat á umhverfisáhrifum álvers í Helgúvík að tillaga að þynningarsvæði væri rúm miðað við reiknaða dreifingu útblásturs án þess slík tilhögun væri sérstaklega skýrð nánar. Stofnunin vakti jafnframt athygli á því í bréfi sínu til VGK-Hönnunar vegna deiliskipulagstillagna fyrir iðnaðarsvæði í Reykjanesbæ og Sveitarfélaginu Garði frá 16. júlí sl. að hugsanlega yrði þörf á að endurskoða mörk þynningarsvæðisins þegar stærð þess yrði endanlega ákveðin. Umhverfisstofnun ítrekar þá ábendingu að endanleg mörk þynningarsvæðis verða ákveðin við afgreiðslu stofnunarinnar á starfsleyfi eftir auglýsingu þess.

Sjór

Í kafla 5.4 í umhverfisskýrslu kemur fram að gert sé ráð fyrir að mengunarástand sjávar og sjávarsets á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði verði kannað og hvort geri þurfi sértækar ráðstafanir við urðun sets sem flytja þarf burt við dýpkunarframkvæmdir. Umhverfisstofnun ítrekar ábendingu þess efnis að samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, veitt leyfi til að dýpkunarefnum sé varpað í hafið.

Hljóðvist

Í umfjöllun um hljóðvist í kafla 5.5 segir m.a. að viðmiðunargildi fyrir íbúðarhúsnæði sé 45 dB(A). Umhverfisstofnun bendir á að viðmiðunargildi fyrir hljóðstig vegna umferðarhávaða við íbúðarhúsnæði er 55 dB(A) en leiðbeiningargildi 45 dB(A), sbr. reglugerð nr. 933/1999 um hávaða.

Í umfjöllun um hljóðstig er fjallað um hugsanleg áhrif á íbúðarbyggð. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í álitni Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum álvers í Helguvík frá 4. október 2007 kemur fram að þó ónæði vegna hávaða verði tímabundið á framkvæmdatímanum sé æskilegt að haft verði samráð við stjórnendur kirkjugarðsins um mótvægisáðgerðir, svo sem um gerð hljóðmanar.


Fuglalíf

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í deiliskipulagstillögunni er ekki sýnd staðsetning flæðigryfju í Selvík né fjallað sérstaklega um þann þátt starfseminnar í umhverfisskýrslu. Stofnunin bendir á að í álitni Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum álvers í Helguvík frá 4. október 2007 segir m.a.:

„Skipulagsstofnun telur upplýsingar og umfjöllun í matskýrslu um bjargfugl ásættanlega nema hvað varðar áhrif af byggingu sjóvarnargarðs og aðkomu að kerbrotagryfju. Að því þarf að hyggja við gerð deiliskipulags með það að markmiði að lágmarka röskun fuglalífs.“

Í framangreindu álitni Skipulagsstofnunar kemur jafnframt fram að nauðsynlegt sé að staðsetning og gerð vegar að flæðigryfju taki mið af því að hún valdi sem minnstum breytingum á ásýnd umhverfisins við ströndina.

Virðingarfyllst


Sigrún Friðriksdóttir



Hjalti Guðmundsson
sviðsstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun.